



Afmæliskveðja frá forsetahjónum til Klúbbssins Geysis á tuttugu ára afmæli hans 2019

Á tuttugu ára afmæli Geysis sendum við klúbbnum og félögum hans innilegar kveðjur og heillaóskir. Innan klúbbssins er gott starf unnið, hann getur svo sannarlega byggt brú til betra lífs. Hjá Geysi á enginn að mæta fordómum, allir eru þar metnir á eigin verðleikum.

Öflugt samfélag byggist á því að allir fái tækifæri til þess að sýna hvað í þeim býr. Og víst er það svo að öll getum við lagt fram okkar skerf til samfélagsins, okkur sjálfum og öðrum til hagsbóta.

Undanfarin ár höfum við hjónin notið þess að heimsækja klúbbfélaga á góðum stundum, ekki síst við örþonið góða þegar sprett er úr spori eða gengið í þágu góðs málstaðar. Alltaf hefur okkur verið vel tekið og fyrir það þökkum við nú sem fyrr.

Frá stofnun Klúbbssins Geysis fyrir tveimur áratugum hefur starfsemin vaxið og dafnað. Ætíð er grunnurinn þó sá sami, að veita skjól en efla fólk um leið til athafna og virkrar þátttöku í daglegu lífi. Innan veggja Geysis geta allir tjáð hug sinn, lýst áhyggjum sínum en líka vonum og væntingum. Fólk er hvatt til dáða, hvatt til að sýna seiglu og þrautseigju. „Mótlæti er til að sigrast á,“ skrifaði Bubbi Morthens fyrr á þessu ári, þessu afmælisári ykkar Geysisfélaga: „Þó manni mistakist þá er það í góðu lagi. Það skiptir miklu meira máli hvernig maður stendur upp.“ Og þegar söngkonan Guðrún Ýr Eyfjörð fagnaði góðu gengi við afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í ár minnti hún á nauðsyn þess að láta sig dreyma, „látið ykkur dreyma risastórt og þetta er mögulegt“!

Látum okkur dreyma, þorum að vera við sjálf. Við ítrekum afmælis- og heillaóskir til allra Geysisfélaga. Megi klúbburinn ykkar eflast enn. Áfram Geysir!

Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid